

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms

Fundur haldinn á kaffistofu skólans 6.nóvember 2012 kl. 17:30

Mættir: Þóra Margrét Birgisdóttir nýr formaður, Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri, Eydís B. Eyþórsdóttir og Jósep Ó. Blöndal.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjárhagsáætlun – fjármál
3. Önnur mál

Nýr formaður, Þóra Margrét Birgisdóttir setti fundinn, stýrði og ritaði fundargerð.

1. Skýrsla skólastjóra

Jóhanna býður Þóru Möggu og Eydísi velkomnar til starfa og hlakkar til samstarfsins.

Jóhanna fór yfir punkta úr skýrslu skólastjóra.

a) **Kennarar - stöðuhlutföll kennara.** Kennslufyrirkomulag endurskipulagt með tilliti til breytinga á starfshlutfalli kennara, en skorið var svolítið niður af kennsluheimild.

b) **Nemendur.** Nú eru skráðir nemendur 104 og 4 eru á biðlista.

Fjöldi grunnskólanema 84, fjöldi framhaldsskólanema 11 og fullorðnir nemendur eru 9.

c) **Kennsla og kennslugreinar**

- Í píanónámi eru nú 32 nemendur, á gítar 20 nemendur, á blásturshljóðfærin 30 nemendur, slagverksnemendur eru nú 8, söngnemendur 4 og blokkflautunemendur 11.

- Tónfræðikennsla er í 4 hópum: 1. stig 12 nemendur, 2. stig 13 nem., 3. stig (grunnpróf) 8 nem. og á miðstigi (5. stig) eru 6 nemendur sem taka munu samræmt tónfræðapróf Prófanevndar í vor.

- Samspil er fjölbreytt, söngnemendur og lengra komnir blásarar fá meðspil á píanó, auk þess er gítarsamspil, tvær trommusveitir, tvær lúðrasveitir (yngri og eldri), Víkingasveit og fleira eftir því sem tilefni gefast.

- Fimm krakkar úr skólanum eru í Stórsveit Snæfellsness.

d) **Skóladagatalið - skólastarfið**

Skólastjóri greindi frá helstu atriðum á skóladagatalinu 2012-2013.

- Skólinn hófst 27.águst og skólaslit verða 16.maí

- Lúðrasveitirnar stefna á haust- og vortónleika og æfingabúðir í tengslum við þá. Litla Lúðró heimsækir m.a.s leikskóann.

- Tónfundir og tónleikar verða með hefðbundnu sniði

- Stefnt er að því að taka þátt í Nótunni 2013; svæðistónleikar á Ísafirði, lokatónleikar í Hörpunni.

- Foreldrafélagið er búið að halda sinn haustfund og tveir nýir aðilar kosnir inn í stjórn

- Barnakór sem Jóhanna hélt utan um tók þátt í Norðurljósahátíðinni og stúlknakór syngur á jólatónleikum með Regínu Ósk og félögum 30.nóv.

e) **Skólagjöld og hljóðfæraleiga**

Reikningar fyrir skólagjöldum og hljóðfæraleigu haustannar hafa verið sendir út, alls eru það kr. 2.665.530. Hljóðfæraleigan kr. 96.000 vegna 19 hljóðfæra í útleigu. Fjölskylduafsláttur er kr. 192.820.

f) **Ástand húsnæðis**

Vonir standa til að einhverjar framkvæmdir náist á viðhaldi húsins. Ýmisleg atriði á óskalista.

Í sumar voru vatnslagnir endurnýjaðar. Rafmagn/ljós – þarf að yfirfara og skipta út.

Hljóðmengun, þarf að laga. Mála þarf vegg og laga. Endurbætur þyrfti að gera á sal, t.d útbúa smá uppþækkun, laga hljóð og þess háttar.

g) Hljóðfæri og tæki (ástand, þörf o.fl.)

Stöðugt þarf að huga að endurnýjun og viðhaldi hljóðfæra skólans. Á óskalista nú er bassaklarinett sem skólinn eða lúðrasveitin hafa aldrei átt. Einnig er stefnt á að kaupa skjávarpa í tónfræðistofu og sal.

h) Heimasíða

Unnið af bestu getu í heimasíðunni. Búið að uppfæra dagskrá vetrarins. Inn er komin foreldrahandbók og nokkur góð ráð fyrir „nýja“ foreldra og stefnt er að því að gefa út fréttabréf fyrir jólin.

i) Félagsstarf hljómsveita

Hafþór Guðmundsson hefur tekið að sérað halda utan um æfingar með „bílskúrsböndum“ af ýmsum gerðum sem hluta af félagsstarfi barna og unglunga. Verkefnið er með aðstöðu í tónlistarskólanum. Hugmynd að vera með 3-4 hópa í gangi í senn og uppsett sem nokkra vikna námskeið.

j) Óskir um samstarf

- Suzuki-skólinn hefur spurst fyrir um aðstöðu fyrir sumarnámskeið 2013.
- Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hefur leitað eftir samstarfi um samspilshelgi klassískra gítarnemenda með vorinu.
- Nemendur og kennarar skólans tóku þátt í Norðurljósahátíðinni 2012 með ýmsu móti.
- Oft óskað eftir nemendum að spila við ýmis tækifæri úti í bæ, t.d. á hótelinu.

2. Fjármál

a) Fjárhagsáætlun

- Skólinn virðist ætla að standast fjárhagsáætlun 2012.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 er í smíðum. Reiknað er með hækkun skólagjalda og umsömdum launahækkunum. Að öðru leiti er verið að tala um að skólinn fái óbreytt framlag.

b) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

- Sótt var um fyrir 6 nemendur á framhaldsstigi og 1 söngnemanda á miðstigi.
- Verið er að vinna í skýrslu fyrir Jöfnunarsjóðinn um þá nemendur sem skiluðu sér inn í skólann í haust og þá styttist í úthlutun.

3. Önnur mál

a) Afmælishátíð 2014

Skólastjóri minnir á að árið 2014 sé stórt afmælisár þegar Tónlistarskólinn verður 50 ára og lúðrasveitin 70 ára. Fljótlega þurfi að setja af stað undirbúning fyrir það. Í umræðum kom m.a. fram hugmynd um að gaman væri að lappað yrði upp á Hljómskálann, þar sem starf lúðrasveitarinn hófst.

b) Framundan er „masterclass“ með lengra komnum nemendum á klassískan gítar. Þar verður gestakennari Páll Eyjólfsson gítarleikari.

Fleira ekki skráð.

Þóra Magga ætlar að ganga frá fundargerð og senda fundarmönnum til skoðunar áður en hún verður send Stykkishólmsbæ.

Fundi slitið kl. 18:55.